

**Borgarstjórn**  
**16. maí 2017**

### **Tillaga um að gera fjármál hverfanna aðgengileg**

Borgarstjórn samþykkir að upplýsingar um fjármál hverfanna verði gerðar aðgengilegar á vef borgarinnar. Þannig verði skilgreint hvaða kostnaður verði til vegna þjónustu og framkvæmda í þágu íbúa ólíkra hverfa.

Greinargerð:

Borið hefur á því að borgarbúum finnist að ójafnt sé skipt hvað varðar fjárfestingar í ólíkum hverfum borgarinnar. Mikilvægt er að gera fólki kleift á að fá upplýsingar hvað þetta varðar. Því er lagt til að útbúin verði sýn á fjármálaleg gögn eftir hverfum þannig að sjá megi hvernig útgjöld skiptast. Skoðað verði hvaða kostnaðarliðir falli undir þá skilgreiningu að vera í þágu íbúa hverfanna þau gögn dregin saman til að auðvelda aðgengi. Eins verði skoðað hvaða liðir eru miðlægir og eru þess eðlis að þeir eigi ekki heima í einu hverfi frekar en öðru heldur nýtist öllum frekar en einu hverfi.